



Skýrsla um slys í umferðinni
Kársnesbraut Urðarbraut 8. desember 2014
Málsnr. 2014-015-U-015



Kársnesbraut Urðarbraut 8.12.2014
Málsnr. 2014-015-U-015

Rannsóknir Rannsóknarnefndar samgönguslysa miða að því að leiða í ljós orsakir slyss til að koma í veg fyrir að sams konar slys verði aftur. Markmið nefndarinnar er ekki að skipta sök eða ábyrgð heldur stuðla að auknu öryggi í samgöngum sbr. lög um Rannsóknarnefnd samgönguslysa nr. 18/2013.

Kársnesbraut Urðarbraut 8. desember 2014

Barn féll út úr hópbifreið

Samantekt

Börnum í öðrum bekk í Snælandsskóla í Kópavogi var ekið í hópbifreið að sundlaug Kópavogs í skólasund. Þegar bifreiðin beygði frá Kársnesbraut upp Urðarbraut féll barn, sem sat aftast, út úr bifreiðinni þegar neyðarhurð opnaðist skyndilega. Rannsóknarnefnd samgönguslysa gerir tvær tillögur í öryggisátt sem lesa má neðst í skýrslunni.

Aðstæður

Veður og birta:

Bjart og engin ofankoma

Vegur:

Snjóþekja. Bundið slitlag. Hámarks hraði 50 km/klst.

Tími sólarhrings:

Kl. 10:46

Ökutæki:

Mercedes Benz Sprinter

*Rannsóknarnefnd samgönguslysa
Húsi Flugbjörgunarsveitarinnar
Flugvallavegi
101 Reykjavík*

*Heimasíða:
www.rnsa.is*

*Tölvupóstfang:
rnsa@rnsa.is*

Lýsing á slysi

Mánudaginn 8. desember féll 7 ára barn út úr hóp bifreið í vinstri beygju frá Kársnesbraut inn á Urðarbraut. Aðdragandi málsins var sá að börnum í 2. bekk Snælandsskóla í Kópavogi var ekið í hóp bifreið að sundlaug Kópavogs í skólasund á vegum skólans. Börnin voru sótt í skólann þar sem þau fóru inn í bifreiðina án eftirlits af hálfu skólans. Einungis ökumaðurinn hafði eftirlit með börnunum.



Mynd 1: Mynd tekin á Kársnesbraut í vesturátt við gatnamótin við Urðarbraut.

Ökumaðurinn greinir svo frá að hann hafi sótt börnin í skólann og ekið þeim áleiðis að sundlaug Kópavogs. Mikil læti hafi verið í krökkunum. Ekið hafi verið vestur Kársnesbraut og við gatnamótin við Urðarbraut hafi hann stöðvað bifreiðina til að víkja fyrir bifreið sem kom úr gagnstæðri átt. Því næst hafi hann beygt til vinstri upp Urðarbraut og stöðvað við sundlauginu til að hleypa börnunum út. Þegar hann stöðvaði bifreiðina við sundlauginu upplýstu farþegar ökumann um að drengur hefði dottið út um neyðardyr aftast í bifreiðinni stuttu áður eða á Kársnesbraut. Vegfarandi kom að drengnum liggjandi í götunni við Urðarbraut. Flutti hann drenginn að sundlauginni, þar sem starfsmenn tóku á móti honum. Barnið hlaut skurð á höfði en slasaðist ekki alvarlega.



Mynd af neyðardyrunum að utan- og innanverðu.

Féll drengurinn út um neyðardyr hægra megin að aftan þar sem hann sat í öftustu sætaröðinni. Hann var ekki spenntur í öryggisbelti. Neyðardyrnar opnuðust þegar bifreiðinni var ekið til vinstri í nokkuð krappri beygju. Neyðardyrnar lokuðust strax aftur og var ekki mögulegt að opna þær innan frá við athugun lögreglu eftir atvikið.

Ökutækið

Bifreiðin var af gerðinni Mercedes Benz Sprinter 2004 árgerð, flokkuð sem hópibifreið II, skráð fyrir 31 farþega. Bifreiðin var skoðuð 14. október 2014 og var því með fulla skoðun. Á bifreiðinni eru aðaldyr hægra megin að framanverðu og einnig neyðardyr hægra megin að aftanverðu. Neyðardyrnum er hægt að læsa með lykli að utanverðu en ekki er búnaður til að opna þær að innanverðu. Ökumaðurinn, sem hafði ekið þessari bifreið í nokkra mánuði, hafði aldrei notað þessar dyr. Ekki er viðvörunarljós eða annar merkjabúnaður sem aðvarar ökumann ef neyðardyrnar eru ekki tryggilega lokaðar.

Samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda yfirbyggingarinnar voru þessar neyðardyr settar að kröfu yfirvalda í Hollandi á þeim tíma sem bifreiðin var tekin til notkunar og búnaður settur í bifreiðina til að opna dyrnar að innanverðu. Einnig hafi verið í bifreiðinni búnaður sem læsir neyðardyrnum þegar hraði bifreiðarinnar fer yfir 3 km/klst. Bifreiðin var innflutt notuð árið 2006 og ekin 126.401 km þegar hún var skráningarskoðuð hér á landi. Að sögn eiganda bifreiðarinnar var þessi búnaður til að opna dyrnar innan frá og læsa þeim þegar ekið er af stað ekki á neyðardyrnum þegar bifreiðin er flutt inn.

Í hverju sæti er tveggja punkta belti. Ökumaðurinn greinir frá að hann hafi minnt börnin á að spenna beltin við upphaf ferðar. Við skoðun á beltinu í sætinu sem drengurinn sat í kom í ljós að læsingin virkaði sem skildi. Öryggisbeltin eru ekki sjálfstillanleg.

Orsakagreining

- Neyðardyr opnuðust í beygju
- Barnið var ekki spennt í öryggisbelti

Tillögur í öryggisátt

Búnaður sem varar ökumann við ef neyðardyr eru ekki tryggilega lokaðar.

Í 11. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004 með áorðnum breytingum, er fjallað um neyðardyr hópibifreiða. Um þær gildir m.a. að ef hægt er að hafa neyðardyr læstar utan frá skal alltaf vera auðvelt að opna þær innan frá. Enn fremur að ef neyðardyr sjást ekki auðveldlega úr sæti ökumanns skuli vera búnaður sem varar ökumann við ef dyrnar eru ekki tryggilega lokaðar. Viðvörunarbúnaðurinn skal stjórnast af læsingunni sjálfri en ekki af hreyfingu hurðarinnar. Í skoðunarhandbók ökutækja er ekki að finna dæmingu á þetta atriði.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa leggur til við Samgöngustofu að bæta inn í skoðunarhandbók ökutækja dæmingu á ófullnægjandi útbúnaði neyðardyra hópibifreiða.

Neyðarútgangur er ætlaður til að rýma ökutæki ef aðaldyr nýtast ekki sem slíkar eða rýming um þær verður ekki nógu hröð. Neyðarútgangur getur verið neyðardyr, neyðargluggi og neyðarlúga á þaki. Útgönguleiðum skal þannig fyrir komið að þær séu því sem næst jafnmargar



á báðum hliðum. Rannsóknarnefnd samgönguslysa hvetur eigendur hóp bifreiða til að gæta að því sérstaklega hvort neyðardyrabúnaður bifreiða þeirra sé fullnægjandi.

Skólaakstur – ökumenn sjái um að skólabörn noti öryggisbelti.

Samkvæmt 71. gr. umferðarlaga skal hver sá sem situr í sæti bifreiðar sem búið er öryggisbelti nota beltíð þegar bifreiðin er á ferð. Skal ökumaður sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað bifreiðar. Brýnt er að þessum reglum sé fylgt í öllum tilvikum. Öryggisbelti í bifreiðinni sem hér er fjallað um þarf að stilla sérstaklega fyrir hvern farþega. Ef vel á að vera þyrfti að ganga á hvert barn og athuga hvort beltíð er spennt og hvort það er rétt stillt.

Um skólaakstur er í gildi reglugerð um merki á skólabifreiðum nr. 279/1998 með áorðnum breytingum og reglur um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009. Ekki er gerð krafa um fylgdarmann með ungum börnum í þessum reglum. Í 3. gr. fyrrnefndrar reglu er sveitastjórnnum gert að setja sér reglur um fyrirkomulag skólaaksturs. Kópvogsbær upplýsti Rannsóknarnefnd samgönguslysa þann 17. mars s.l. um að reglur hefðu ekki verið settar í bænnum um skólaakstur, en unnið sé að úrbótum þar á.

Leggur nefndin til við Innanríkisráðuneytið og Menntamálaráðuneytið að reglur um skólaakstur verði teknar til endurskoðunar.

Skýrslan var samþykkt af:

Geirþrúður Alfreðsdóttir

Ásdís J. Rafnar

Brynjólfur Mogensen

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson

Stjórnandi rannsókna

Reykjavík 21. ágúst 2015

Rannsóknarnefnd samgönguslysa